


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sampykkt: SHJ		
Síða 1 af 2	Áfangaheiti ENSK 3 VG 05 Námsáætlun haustönn 2019	

Kennari	Guðjón Ólafsson	Sk.st.	GÓL
----------------	-----------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Námið miðar að því að nemandinn auki færni sína í enskri tungu og bæti bæði vísindaorðaforða og almennan orðaforða svo og málskilning. Nemandinn er þjálfaður í ritun með ýmsum verkefnum sem tengjast vísindum. Einnig er nemandinn þjálfaður í töluðu máli, bæði með umræðum og formlegum fyrirlestrum. Fjallað er um siðferðileg álitamál vísinda og samfélagslega ábyrgð.

Markmið:

Bekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- enskum orðaforða og hugtökum sem tengjast vísindum
- orðaforða sem gerir honum kleift að tileinka sér með góðu móti lesefni í áframhaldandi námi eða starfi
- siðfræði vísinda, til dæmis í umhverfismálum, og samfélagslegri ábyrgð
- mismunandi málsniði enskrar tungu

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa sér til gagns fræðilegar greinar um efni tengd vísindum
- skilja talað mál sem fjallar um vísindi, til dæmis fyrirlestra
- taka virkan þátt í samræðum um vísindaleg málefni
- tjá sig munnlega, bæði formlega og óformlega, um efni sem tengjast vísindum sem hann hefur kynnt sér og undirbúið
- skrifa og skilja ýmiss konar texta sem tengist vísindum, meðal annars útdrætti, skýrslur og rannsóknarritgerðir
- beita málinu í mismunandi tilgangi, fræðilegum og persónulegum, með stílbrigðum og málsniði sem við á og mælir hæfniviðmiðum þrepsins

Hæfniviðmið


Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skilja megininntak erinda og rökræða sem fjallað er um í áfanganum
- tileinka sér efni ritaðs texta sem tengist vísindum og nýta á mismunandi hátt
- taka þátt í umræðum og færa rök fyrir máli sínu um vísindaleg málefni
- tjá sig á skýran og áheyrilegan hátt um málefni sem tengjast vísindum
- skrifa texta um efni sem tengist vísindum og fylgja þeim ritunarhefðum sem eiga við
- nýta sér upplýsingatækni til fróðleiks og rannsókna
- geta lagt gagnrýnið mat á texta
- nýta sér fræðitexta og meta gildi heimilda

Námsgögn: <i>English for Science</i> (skrifstofa) <i>Treasure Island</i> eftir Robert Louis Stevenson, allar óstyttar útgáfur (bókabúðir).

Verkefni:

Nemendur skila verkefnum úr skáldsögu, stílum og orðaforðaverkefnum úr lesköflum, vinna vefæfingar í málfræði og flytja munnlega kynningu á völdu sérverkefni.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Síða 2 af 2		
Áfangaheiti ENSK 3 VG 05		
Námsáætlun haustönn 2019		

Námsmat og vægi námsþátta:

Matsform:	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta		Vægi
Verkefni úr <i>Treasure Island</i>	6 próf/verkefni, 5 bestu gilda til einkunnar.		20%
Kynningarverkefni	Nemendur kynna ákveðið málefni tengt lesefni. Jafningjamat 40% á móti kennara.		15%
Þátttökueinkunn	Stílar, þýðingar, vefæfingar og annað sem nemendur gera heima og í kennslustundum.		10%
Kaflapróf	Fjögur kaflapróf, 3 bestu gilda til einkunnar.		40%
Munnlegt próf	Tekið í síðustu kennsluviku.		15%
Samtals:			100%

Áætlun um yfirferð:

Um miðja önn flytja nemendur kynningu á viðfangsefni sem tengist visindum. Að öðru leyti verður um jafna yfirferð að ræða á skáldsögu og köflum og verkefnum úr leshefti.

Lota 1 19 ág. - 6. sept.	Lesnir kaflar 1 og 2 í leshefti, unnið með málfræði og orðaforða. Stílar, þýðingar, vefæfingar og annað heima og í tímum. Nemendur lesa skáldsöguna <i>Treasure Island</i> . Kaflapróf 1.
Lota 2 9. sept. - 4. okt.	Lesnir kaflar 3 og 4 í leshefti, unnið með orðaforða og málfræði. Undirbúningur hafinn að vinnslu kynningarverkefnis. Umfjöllun um <i>Treasure Island</i> hefst og vikuleg verkefni unnin úr henni. Stílar, þýðingar, vefæfingar og annað heima og í tímum. Kaflapróf 2
Lota 3 7. okt – 1. nóv.	Lesnir kaflar 5 og 6 í leshefti. Áfram unnið með orðaforða, málfræði og málnotkun. Lestur skáldsögu heldur áfram og nemendur halda áfram að gera vikuleg verkefni úr henni. Nemendur kynna valið viðfangsefni. Vikuleg verkefni úr skáldsögu. Stílar, þýðingar, vefæfingar og annað heima og í tímum. Kaflapróf 3
Lota 4 4. nóv. - 29. nóv.	Lesnir kaflar 7 og 8 auk viðeigandi verkefna. Stílar, þýðingar, vefæfingar og annað heima og í tímum. Kaflapróf 4.
Lota 5 2. des. - 6. des.	Auka textar lesnir eftir efnunum og atvikum og orðaforði skoðaður. Munnlegt próf í lok annar.

Nemendum ber að **skila öllum verkefnum** sem sett eru fyrir og halda sig innan þeirra marka sem kveðið er á um mætingu. Skilafrestur í Moodle rennur út á miðnætti á skiladegi, en annars samkvæmt fyrir mælum kennara. Skilafrestur verður ekki framlengdur nema við sérstakar aðstæður. Sé verkefni ekki skilað jafngildir það 0 í einkunn. **Ekki verður boðið upp á sjúkra- eða endurtektarpróf í prófum og verkefnum.**

Verði nemandi uppvís að ritstuldi við samningu ritgerða eða annarra verkefna fær hann einkunnina 0,0 fyrir viðkomandi verkefni. Endurtekin brot geta varðað brottvikningu úr áfanganum.

Dagsetning: 19. ágúst 2019



Undirritun kennara



Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils